

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1971, um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Ný grein er verði 12. gr. orðist svo:

Heimilt er verslunum, er fengið hafa til þess leyfi ráðherra, að fenginni umsögn eiturefnanefndar, að flytja inn og selja efni og efnasamsetningar, sem sérstaklega eru ætlaðar til þess að gefa frá sér frítt bróm í nánar tilteknum skömmtunarbúnaði til eyðingar sýkla í baðvatni án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, samanber ákvæði reglugerðar nr. 131/1971. Skal við það miðað, að magn frís bróms í baðvatni fari aldrei yfir 4 mg/l. Með umsóknum skulu fylgja tillögur um ítarlegar merkingar íláta undir slík efni og efnasamsetningar og leiðbeiningar um notkun. Leyfishafi skal ennfremur hafa á boðstólum viðurkennda mæla ásamt leiðbeiningum á íslensku til ákvörðunar á fríu brómi í vatni.

Ef bróm er notað til eyðingar sýkla í baðvatni á opinberum sundstöðum, skal fylgjast reglulega með styrk frís bróms í vatninu, skv. fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins sbr. nánar 9. gr. reglugerðar nr. 455/1975.

2. gr.

Ný grein er verði 13. gr. orðist svo:

Heimilt er lögreglustjórum að nota glös undir blóðsýni, sem í hefur verið vegið 0.2 g af natríumflúoríði til þess að rotverja og segaverja sýni án þess að til kaupanna þurfi sérstakt leyfi skv. reglugerð nr. 131/1971. Varðandi merkingar, meðferð glasanna og vörslu þeirra skal hlíta fyrirmælum sem ráðuneytið setur, að höfðu samráði við eiturefnanefnd og Lyfjaeftirlit ríkisins. Á glösunum skal þó ætíð standa skýrum störum: „Inniheldur 0.2 g natríumflúoríð.“

Í sendingum innanlands skal ætíð merkja ystu umbúðir um glös þessi þeim eiturmerkjum og varnaðarmerkjum, er eiga við um natríumflúoríð, skv. reglugerð þar að lútandi.

3. gr.

12. gr. verði 14. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 16. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.